



Samþykkt um styrk vegna aksturs í dagdvöl

Almennt

1. Samþykkt þessari er ætlað að styðja við þá íbúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps, 67 ára og eldri, sem njóta þurfa dagdvalar.
2. Dagdvöl aldraðra er stuðningsúrræði fyrir þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Í dagdvöl aldraðra er veitt hjúkrunarþjónusta og aðstaða til þjálfunar og lækniþjónustu. Í dagdvöl er boðið upp á mat á heilsufari, þjálfun, tómsundaiðju, félagslegum stuðningi, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Engin dagdvöl er í sveitarfélaginu en miðað er við að dagdvöl sé á Selfossi.

Markmið

3. Markmið með styrkveitingu er að gera einstaklingum 67 ára eða eldri kleift að búa lengur heima.

Réttur til styrks

4. Umsækjandi þarf að vera orðinn 67 ára eða eldri og vera með lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
5. Til að öðlast heimild til að sækja um styrkinn skal einstaklingur, með lögheimili í sveitarfélaginu, hafa undirgengist mat á þörf fyrir dagdvöl og að hafa fengið samþykka umsókn um dagdvöl þar sem hún er veitt, sbr. lið 2.
6. Umsækjandi þarf að vera ófær um að koma sér sjálfur í dagdvöl og vera án gildra ökuréttinda
7. Heimilt er að veita íbúum styrk sem eru yngri en 67 ára enda liggur fyrir mat á þörf þeirra fyrir slíka dvöl sem og staðfesting á vistun á dagdvöl.

Styrkveiting

8. Veittur er styrkur sem nemur 6.000 kr. fyrir hverja ferð.
9. Einungis er veittur styrkur fyrir ferðum innan marka sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps til Selfoss. Akstur er skilgreindur í ferðum og er með einni ferð átt við að aka þurfi umsækjanda til og frá dagdvöl.
10. Hver umsækjandi á rétt á styrk sem nemur þremur ferðum í viku, að hámarki 12 ferðum í mánuði.
11. Styrkveiting er greidd mánaðarlega og skal umsækjandi skila inn akstursblaði staðfestu af starfsmanni dagdvalar.
12. Styrkfjárhæð uppfærast í janúar ár hver miðað við vísitölu neysluerðs, grunnvísitala janúar 2025, 635,5 stig.

Umsókn

13. Umsókn um styrk vegna aksturs skal send á netfangið skeidgnup@skeidgnup.is þar sem tilgreint er nafn og kennitala þess einstaklings sem þarf á dagdvöl að halda, ásamt staðfestingu á dagdvöl á Selfossi.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

14. Umsókn er staðfest af starfsfólki Velferðarþjónustu Árneshvísi og umsækjanda tilkynnt um styrkveitingu innan tveggja vikna frá því að umsókn er send inn.
15. Heimilt er aðstandanda umsækjanda að sækja um fyrir hönd hans.
16. Umsækjandi skal tilkynna til sveitarstjóra um allar breytingar sem verða á högum hans og snerta styrkveitinguna.

Önnur ákvæði

17. Heimilt er að hafna umsókn um styrkveitingu skv. samþykkt þessari ef umsókn telst ekki fullnægja skilyrðum samþykktar þessarar.
18. Sé umsækjanda hafnað af einhverjum ástæðum skal honum svarað skriflega þar sem forsendur niðurstöðu eru rökstuddar.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps 5. mars 2025

F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps,
Sylvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri